

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafélagið Gufunes Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	13.3.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íslenska gámafélagið	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Gufunesvegi	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470597-2289	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Birgir Kristjánsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram til ársins 2011 var ekki tekið á móti spilliefnum hjá rekstraraðila en þá hófst móttaka á rafgeymum. Gert er ráð fyrir að alls verði tekið við 175-200 tonnum á ári, sem og tilfallandi öðrum tegundum í mjög litlu magni s.s. sóttmengaður úrgangur sem fer í brennslu á Suðurnesjum, og annað fer í Efnamóttökuna við fyrsta hentuga tækifæri. Gerðar eru tvær athugasemdir og fjögur frávik staðfest við eftirlit. Athugasemdirnar varða merkingar á spilliefnalátum og búnað til að bregðast við leka, en frávikin eru: 1. Mengunarvarnir vegna meðhöndlunar spilliefna eru ekki í samræmi við starfsleyfi, 2. Móttaka spilliefna var hafin án samráðs við eftirlitsaðila, 3. Áhættumat, viðbragðsáætlun og ábyrgðatryggingu í samr. við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vantaði við eftirlit en viðeigandi gögn bárust í kjölfar þess, 4. Neyðaráætlun vantaði við eftirlit en barst einnig í kjölfar þess. Að því er varðar frávik 1 og 2 minnir Umhverfisstofnun á að ef rekstraraðili hefur móttöku nýrra spilliefnaflokka skal tilkynna það Umhverfisstofnun í samræmi við starfsleyfi. Varðandi breytingu á mengunarvörnum skal senda tilkynningu um breytingar á starfsemi í samræmi við starfsleyfi og reglugerð 785/1999.

## UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar hafði mengunarvarnaeftirlit með rekstraraðila fram til ársloka 2011 en þá tók Umhverfisstofnun við.

Á fundi í eftirlitinu var farið yfir hvenær spilliefnamóttaka hófst, hvaða flokkum spilliefna rekstraraðili tekur á móti, meðhöndlun spilliefna, skráningar og merkingar á látum spilliefna, áhættumat, áætlanir og tryggingar í samræmi við starfsleyfi. Rekstraraðili kynnti umhverfisstjórnunarkerfi sitt. Að fundi loknum var húsnæði og athafnasæði rekstraraðila skoðað.

### Frávik frá

Ákvæði 2.5 og 2.6 í starfsleyfi um lokaða fráveitu. Þá skal skv. ákv. 1.6 tilkynna allar breytingar á rekstri, breytingar á mengunarvörnum eru þ.m.t.

### Lýsing á frávikum

Tekið er á móti spilliefnum, helst rafgeymum þó mengunarvarnir séu ekki í samræmi við starfsleyfi rekstraraðila. Við eftirlit stóðu rafgeymastæður í húsnæði rekstraraðila án viðunandi lekavarna - m.a. á trébrettum. Óski rekstraraðili eftir breytingum á mengunarvörnum er nauðsynlegt að tilkynna breytingu á starfsemi á formlegan hátt til starfsleyfisútgefanda sjá umfjöllun um önnur atriði

Ákv.1.7 í starfsleyfi en skv. því skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila fyrirfram hvenær móttaka hvers flokks úrgangsefna hefst og ekki hefja móttöku fyrr en eftirlitsaðili hefur tekið út viðkomandi starfsemi.

Rekstraraðili tekur nú á móti 175-200 tonnum af rafgeymum á ári. Móttaka er einnig á öðrum spilliefnum en magnið er óverulegt og geymsla aðeins í mjög stuttan tíma eins og yfir nótt eða helgi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun í samræmi við starfsleyfi hefji hann móttöku nýrra spilliefnaflokka.

Skv.18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi, sem og viðbragðs áætlun. Jafnframt vantar ábyrgðar tryggingu sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga. Sjá einnig ákv. 3.4 í starfsleyfi

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda voru ekki tiltæk við eftirlit. Eins hefur staðfesting um ábyrgðartryggingu ekki borist Umhverfisstofnun. Staðfesting um tryggingu barst 18.4.sl. sem og áhættumat og viðbragðsáætlun.

Skv. ákv. 3.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs ef kemur til stöðvunar starfsemi. Neyðaráætlun í samræmi við starfsleyfi var ekki tiltæk við eftirlit. Áætlunin barst hins vegar 18.4.sl.

#### **ATHUGASEMDIR**

Merkingar á ílátum spilliefna eru mikilvægar við alla umsýslu þeirra, ekki síst við flutninga og þegar óhöpp eiga sér stað. Lítið var af spilliefnum við eftirlit og engin ílát tilbúin til flutnings úr stöðinni. Vert er að minna á gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 um spilliefni en þar segir: "Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokk og magn úrgangsins." Meðal viðeigandi ráðstafana er að merkingar séu vel festar og tryggar, þoli rigningu og rok.

Búnaður og efni til hreinsunar spilliefna var ekki sjáanlegur í húsnæði rekstraraðila við skoðun. Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili staðfestingar á að ísogsefni o.fl. væru til staðar. Að síðustu er minnt á að best fer á því er að hafa þennan búnað sem næst uppsprettu.

#### **ANNAÐ**

Söfnunarþró er ekki fyrir hendi hjá rekstraraðila þó krafa sé gerð um slíkt í starfsleyfinu og móttaka spilliefna er hafin. Rekstraraðili hefur bent á að söfnunarþró sé óþörf og engin fráveita sé í því húsnæði þar sem rafgeymar eru geymdir og lekar þurrkaðir upp með viðunandi hætti.

Umhverfisstofnun óskar eftir því við rekstraraðila að hann sendi Umhverfisstofnun formlegt erindi um breytingu á rekstri. Í erindinu skal tilgreina það verklag sem nú er viðhaft um meðhöndlun spilliefna og þær mengunarvarnir sem eru viðhafðar. Sérstaklega skal rökstyðja að þær varnir sem tilgreindar eru, þ.e. að engin fráveita sé í herbergi, séu jafngildar þeim mengunarvörnum sem fyrirskrifaðar eru í starfsleyfi. Þá skal fylgja með lýsing á herbergi, hæð þröskulda og annað sem skiptir máli við afgreiðslu erindisins. Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili getur tekið, eftir því sem við á, mið af 10. grein reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun við vinnslu erindisins.

Að síðustu er vinsamlega minnt á að halda samráðsfund með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um starfsleyfi og mengunarvarnir á staðnum í kjölfarið.

Reykjavík, 29.05.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.